

Niðurstöður samræmdra könnunarprófa í 4. og 7. bekk haustið 2017

Í lok september sl. þreyttu um 9.000 nemendur í 4. og 7. bekk samræmd könnunarpróf í íslensku og stærðfræði. Niðurstöður nemenda voru sendar skólum fyrir nokkru og hafa kennarar kynnt þær fyrir nemendum og foreldrum þeirra. Menntamálastofnun hefur nú lokið úrvinnslu heildarniðurstaðna samræmdra könnunarprófa fyrir skóla, sveitarfélög, landshluta og kjördæmi sem birtast í skýrslugrunni stofnunarinnar á slóðinni skyrslur.mms.is

Samræmd könnunarpróf eru frábrugðin öðru námsmáti í grunnskóla að því leyti að allir nemendur á landinu þreyta sama prófið og niðurstöður gefa því annað sjónarhorn á stöðu nemenda. Með niðurstöðum samræmdra könnunarprófa fá nemendur upplýsingar um stöðu sína í samanburði við alla nemendur í landinu og einnig geta skólar og sveitarfélög borið sig saman á landsvísu.

Heildarniðurstöður samræmdra könnunarprófa eru reiknaðar með normaldreifðri einkunn, sem kölluð er grunnskólaeinkunn. Grunnskólaeinkunn er á bilinu 0 til 60 (meðaltalið er 30 og staðalfrávik 10) og hentar hún til að meta frammistöðu hópa. Samanburður í töflum sýnir frávik frá heildarmeðaltalinu 30.

Tafla 1. Meðaltöl normaldreifðra einkunna í samræmdum könnunarprófum í 4. bekk árin 2017 og 2016, skipt niður eftir kjördæmum.

	Íslenska		Stærðfræði	
	2017	2016	2017	2016
Reykjavík	30,3	30,1	30,2	30,0
Suðvesturkjördæmi	30,2	30,7	29,9	29,6
Norðvesturkjördæmi	28,7	29,6	29,4	31,8
Norðausturkjördæmi	30,7	29,6	29,7	29,6
Suðurkjördæmi	29,6	28,7	30,7	30,0
Landið allt	30,0	30,0	30,0	30,0

Einkunnir eru normaldreifðar á kvarðanum 0-60, meðaltal 30, staðalfrávik 10.

Tafla 2. Meðaltöl normaldreifðra einkunna í samræmdum könnunarprófum í 7. bekk árin 2017 og 2016, skipt niður eftir kjördæmum.

	Íslenska		Stærðfræði	
	2017	2016	2017	2016
Reykjavík	30,6	30,9	30,6	30,4
Suðvesturkjördæmi	30,7	30,6	30,5	30,6
Norðvesturkjördæmi	28,6	27,2	28,1	28,0
Norðausturkjördæmi	29,5	29,3	28,7	28,5
Suðurkjördæmi	28,8	29,0	29,5	30,3
Landið allt	30,0	30,0	30,0	30,0

Einkunnir eru normaldreifðar á kvarðanum 0-60, meðaltal 30, staðalfrávik 10.

Mikilvægt er að fara varlega í að túlka niðurstöður einstakra skóla eða sveitarfélaga þar sem stærð skóla, þátttökuhlutfall nemenda, fjöldi nemenda með íslensku sem annað tungumál og annar breytileiki getur haft áhrif á niðurstöður.

Tafla 3. Hlutfall nemenda sem fær undanþágu, hlutfall sem fær stuðningsúrræði og hlutfall nemenda sem tóku bæði prófin í 4. og 7. bekk árið 2017, skipt eftir kjördæmum.

	Undanþágur	Stuðningsúrræði	Hlutf. sem tók bæði prófin
Reykjavík	3,7%	32,2%	88,7%
Suðvesturkjördæmi	3,3%	30,6%	89,2%
Norðvesturkjördæmi	3,6%	39,0%	90,8%
Norðausturkjördæmi	4,8%	32,9%	87,6%
Suðurkjördæmi	6,6%	39,4%	85,9%
Landið allt	4,2%	33,6%	88,5%

Undirbúningur samræmdra könnunarprófa hefst einu ári áður en þau eru lögð fyrir með gerð prófáætlunar og prófverkefna. Prófverkefni eru samin af kennurum með reynslu af kennslu í 4. og 7. bekk ásamt próffræðingum. Samræmd könnunarpróf meta stöðu nemenda í íslensku og stærðfræði samkvæmt ákvæðum aðalnámskrár grunnskóla. Í samræmi við aðalnámskrá hafa prófin þá sérstöðu að spanna viðfangsefni eins til tveggja ára og reyna á ólíka hæfni nemenda. Samræmdum könnunarprófum er ætlað að reyna á nemendur á öllum getustigum og því er nauðsynlegt að hafa fjölbreytt prófatriði.

Eins og áður sagði birtast heildarniðurstöður í 4. og 7. bekk með normaldreifðri einkunn þar sem meðaltalið er 30 en staðalfrávik 10. Nemendur fá hins vegar einkunn á bilinu 1-10. Að auki fá nemendur raðeinkunn fyrir prófið í heild og fyrir hvern námsþátt í viðkomandi prófi. Raðeinkunn er á bilinu 1 til 99 og sýnir stöðu nemandans miðað við árganginn í heild. Nemandi sem fær raðeinkunnina 70 stendur sig jafnvel eða betur en 70% nemenda á landinu öllu. Loks kemur fram umsögn um framfarir nemenda milli 4. og 7. bekkjar.